



ALLiES eGuide

Fyrri vinnuhópar

First set of workshops

Markmið námskeiðanna var að vera vettvangur fyrir foreldra og kennara til að vinna saman og auka samvinnu milli heimilis og skóla um þau viðfangsefni sem vinnufundirnir snérust um. Vinnuhópar og námskeið fyrir foreldra eru mánaðarlegur viðburður í ítalska skólanum.

Fyrsti vinnufundurur

Fyrsti vinnufundurinn var til að foreldrar kynntust og til að skapa grundvöll fyrir áframhaldandi samvinnu.

- Gera má hvaðeina sem börn og foreldrar geta gert saman.
- Stólum er raðað í hring til að skapa notalegt andrúmsloft. Kveikt er á kertum og í boði eru drykkir fyrir alla.
- Á veggina er í boði að setja „post-it“ miða með ástæðum fundanna, viðfangsefnum eða óskum um árangur til að hvetja foreldra til þátttöku.
- Skipuleggjendur fundanna lesa alla miðana og endurraða þeim til að gera öllum grein fyrir viðfangsefnunum og til að geta farið yfir það sem foreldrar hafa áhyggjur af eftir fundina.
- Meðan foreldrar eru í hringnum kynna þeir sig á óhefðbundinn hátt. Til dæmis með því að segja til nafns, uppáhalds bók, bíómynd og uppáhalds tré. Að kynningunni lokinni er þátttakendum boðið að leika tréð sitt og aðrir í hópnum leika vindinn sem leikur um tréð.
- Að þessu loknu er stutt hlé og svo skýra allir frá því hvernig þeim leið meðan á verkefninu stóð.
- Vinnuhópum er skipt niður í 4 smærri hópa þar sem hver hópur þarf að færa rök fyrir tiltekinni fullyrðingu (t.d. „öll börn fá að gera það sem þau vilja“ eða „öll börn þurfa að gera allt sem foreldrar þeirra fara fram á“) og skrifa niður ástæður fyrir þessum fullyrðingum.
- Í lokin er gögnum frá hverjum og einum safnað saman í litlar möppur sem hver og einn hefur teiknað sjálfsmynd á forsiðuna

“Hjá nokkrum þátttakendum skapaði þessi vinnufundur neikvæðar tilfinningar (fólk var misjafnlega hæft í rökræðunum, einhverjir upplifðu samkeppni, einhverjum fannst verkefnið kjánalegt og sumir skildu ekki fullyrðingarnar) en flestir fóru heim með jákvætt veganesti. Þessi fyrsti fundur sýndi fram á að það getur verið flókið að ná fram samvinnu ólíkra einstaklinga.



Annar vinnufundur

Í öðrum vinnustofunum var áherslan lögð aðstæður í félagslegum samskiptum í skólanum.

- Fundurinn hefst á leik sem byggir upp traust. Þátttakendur voru paraðir saman, bundið fyrir augun á öðrum og hinn leiddi hann eftir „brautastíg“.
- Fjórir hópar fengu í hendurnar myndasögur þar sem textann vantaði við myndir. Myndirnar voru af krökkum að stela af öðrum, að hæðast að þeim minni, að brjóta hluti eða að skilja útundan.
- Foreldrar og kennarar sýndu stutta leikþætti út frá myndasögubrotunum.
- Stuttar umræður um líðan þeirra sem leiknir voru í leikþáttunum.
- Viðfangsefni fundarins má svo endurtaka með börnum.

Þriðji vinnufundur

Á þriðja vinnufundi var aftur lögð áhersla á aðstæður í félagslegum samskiptum og nálgunin var einnig hlutverkaleikur.

- Mikilvægt er að leggja áherslu á að lausnamiðun í umræðunum og skoða líðan þeirra sem koma að þeim aðstæðum sem skoðaðar eru.

Fjórði vinnufundur

Umræður um staðalímyndir kynjanna

- Hópurinn klippti út myndir af konum og körlum úr tímaritum og skoðuð hvaða skilaboð kynin fá úr fjölmiðlum.
- Hópurinn notaði myndirnar til að útbúa veggspjald sem sýndi fram á muninn á þeirri kynjagrímu sem samfélagið gerir kröfu um að við berum og þeirrar kynjaímyndaðar sem við sjálf höfum.
- Aðrar aðstæður sem varða kyn voru skoðaðar. Til dæmis hvernig börn tala um kynfæri og líkama hvers annars.
- Umræður um allt námskeiðið og bornar saman væntingar til þess við ávinning sem fólk áleit sig hafa að námskeiði lokinu.

“Í lokin sögðust allir þátttakendur vilja halda áfram að vinna að „allies“ og vera í góðum tengslum, jafnvel halda áfram að vinna saman næsta skólaár og halda áfram að stuðla að góðum árangri fyrir alla.